



# Íþróttamannvirki Breiðablik Aðstaða til knattspyrnuíðkunar

Unnið fyrir Kópavogsbæ  
September 2017



**þekkingarleit** -ar kvk

1 að afla sér kunnáttu, það að  
vita e-ð, efla skilning á e-u >

á viskubrunnin 2

örsti, þekkingarþra

leiksýsn, námfsi

s, (árangrar) kvk 1 ávöxtur,

m leiðir af einhverju > hafa

þetta árangur • afrek > árangur /

íþróttam 2 / árferði **virðing** -ar, -ar kvk 1 mat, það

að meta til verðs 2 álit, heiður > það virða > njóta

virðingar / sýna e-m virðingu / bera virðingu fyrir e-u eða

e-m **for|skot** kvk 1 frestur 2 forhlaup, sá munurinn keppandi

setur fram yfir keppinauta sína þegar hann fær t.s. 100 metra fyrir

metur tekist að komast fram úr þeim > 100 metra forskot / 10

metra forskot / hafa gott forskot vera fremstur > hafa yfirburði 3 það



17146

Greinagerð – Aðstaða knattspyrnudeildar Breiðablik  
September 2017

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	12.05.2017	KÓM/GHS	SGT	SGT
2	28.06.2017	KÓM/GHS	GHS	SGT
3	20.09.2017	KÓM/GHS	GHS	SGT



## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Bakgrunnur</b>	<b>4</b>
1.1	Inngangur	4
<b>2</b>	<b>Breiðablik</b>	<b>5</b>
2.1	Iðkendur	5
2.2	Þróun	5
2.3	Æfingasvæði	6
2.3.1	<i>Fífan</i>	7
2.3.2	<i>Fagrilundur</i>	7
2.3.3	<i>Önnur aðstaða</i>	8
<b>3</b>	<b>Aðstaða</b>	<b>8</b>
<b>4</b>	<b>Fífan nýting</b>	<b>10</b>
4.1	Nálgun	10
4.2	Forsendur	10
4.3	Einingar	10
4.4	Viðmið	11
4.4.1	<i>Viðmið 1, bestu aðstæður</i>	11
4.4.2	<i>Viðmið 2, hámarks nýting</i>	11
4.5	Nýtingarmöguleikar	11
4.6	Mánudagur, núverandi staða	12
4.6.1	<i>Mánudagur, möguleg nýting</i>	13
4.7	Þriðjudagur, núverandi staða	14
4.7.1	<i>Þriðjudagur, möguleg nýting</i>	15
4.8	Miðvikudagur, núverandi staða	16
4.8.1	<i>Miðvikudagur, möguleg nýting</i>	17
4.9	Fimmtudagur, núverandi staða	18
4.9.1	<i>Fimmtudagur, möguleg nýting</i>	19
4.10	Föstudagur, núverandi staða	20
4.10.1	<i>Föstudagur, möguleg nýting</i>	21
4.11	Laugardagur, núverandi staða	22
4.11.1	<i>Laugardagur, möguleg nýting</i>	23
4.12	Sunnudagur, núverandi staða	24
4.12.1	<i>Sunnudagur, möguleg nýting</i>	25
4.13	Fífan samantekt	25
<b>5</b>	<b>Önnur félög</b>	<b>26</b>
5.1	Stjarnan	26
5.2	ÍR	26
5.3	Fram	26



---

5.4	Samanburður félaga	27
<b>6</b>	<b>Samantekt</b>	<b>27</b>
6.1	Fífan	27
6.2	Fagrilundur	28
6.3	Æfingar	28
<b>7</b>	<b>Niðurstöður</b>	<b>29</b>
<b>8</b>	<b>Heimildir</b>	<b>30</b>
<b>9</b>	<b>Viðauki</b>	<b>31</b>
9.1	Æfingartafla Breiðabliks	31



## 1 Bakgrunnur

### 1.1 Inngangur

Kópavogsbær hefur óskað eftir úttekt frá VSÓ Ráðgjöf á íþróttáðstöðu í sveitarfélaginu sem Breiðablik hefur til nota. Um er að ræða gervigrasvelli á æfingarsvæðum Breiðablik sem eru eftirfarandi:

- Fífan, knatthús með gervigrasi
- Fagrilundur, úti gervigrasvöllur
- Önnur aðstaða

Verkefnið felst í að meta aðstöðu til knattspyrnuíðkunar á veturna hjá Breiðablik og leggja faglegt mat á hvort unnt sé að bæta nýtingu á íþróttamannvirkjum miðað við núverandi stöðu.

Við verkefnið voru m.a. eftirfarandi upplýsingar rýndar:

- Fjöldi iðkenda hjá Breiðablik, aldur þeirra og æfingartími flokka.
- Tegund og stærð knattspyrnumannvirkja sem Breiðablik nýtir til knattspyrnuíðkunar á veturna.
- Kröfur um tegund æfingarsvæða, keppnisvalla og gervigrass.
- Nýting á Fífunni, á hvaða tímum og á hvaða hátt mannvirki er nýtt til æfinga.

Til að unnt væri að meta nýtingu og aðstöðu var ýmissa gagna aflað og m.a. rætt við fulltrúa frá Breiðablik og Kópavogsbæ ásamt aðila sem koma að aðstöðu og þjálfaramálum hjá KSÍ. Einnig var leitað eftir upplýsingum um aðstöðu annarra íþróttafélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Engar skráðar reglur eða opinber viðmið um hámarks fjölda iðkenda og stærð æfingarsvæða eru til. Þau viðmið sem notuð eru í greiningarvinnu þessari eru því eingöngu leiðbeinandi. Viðmiðin gefa þó ágæta mynd af þeirri aðstöðu sem félagið býr við, bæði hvað varðar fjölda æfinga og stærð æfingarsvæða per iðkanda.


Megin niðurstaða greinargerðarinnar er að bæta megi nýtingu á Fífunni með því að nýta betur tíma á morgna og á kvöldin. Þá má sjá að Breiðablik nær að halda fjölda æfinga í viku og tímalengd æfinga að mestu innan þeirra æskilegu viðmiða sem KSÍ gefur.

Þá er gervigrasið á Fagralundi komið til ára sinna og þarfnist endurnýjunar. Ástand vallarins veldur því að nýting á Fagralundi gæti verið mun betri.

## 2 Breiðablik


### 2.1 Iðkendur

Skráðir iðkendur í knattspyrnu hjá Breiðablik árið 2016 voru 1.520 og er aldursdreifing og fjöldi iðkenda sýnd á mynd 1.



Mynd 1 - Iðkendur Breiðablik eftir flokkum, bæði kvenna og karla árið 2016.

Iðkendum í knattspyrnu hjá Breiðablik hefur fjölgað mikið undanfarin ár. Árið 2002, þegar Fifan var tekin í notkun, voru iðkendur 624 og hefur því fjölgað um 144% á tímabilinu 2002 til 2016 (Mynd 2).




Mynd 2 - Iðkendur Breiðabliks 1998-2016.

### 2.2 Þróun

Gert er ráð fyrir því að iðkendum í knattspyrnu haldi áfram að fjölga miðað við þróun síðustu ára. Skv. upplýsingum frá Kópavogsbæ er gert ráð fyrir í aðalskipulagi bæjarins að á árunum 2012 – 2024 verði 2,0% árleg aukning á íbúum í sveitarfélaginu.


Ef gert er ráð fyrir fjölgun íbúa og iðkenda í knattspyrnu hjá Breiðablik haldist í hendur má gera ráð fyrir að iðkendur í knattspyrnu verði um 1.800 árið 2025 (Mynd 3).



Mynd 3 - Próun og spá um fjölda iðkenda til 2025.

### 2.3 Æfingasvæði

Á veturna nýtir Breiðablik Fífuna og gervigrasvöll við Fagralund til knattspyrnuíðkunar. Einnig leigir félagið aðstöðu fyrir æfingar hjá Sporthúsinu og ÍR. Mynd 4 sýnir hvernig iðkendur skiptast niður á æfingarsvæði eftir vikudögum. Auk æfinga eru spilaðir leikir í Fífunni. Árið 2016, voru spilaðir um 160 leikir hjá öllum flokkum í Fífunni (KSÍ, 2017), en það er um 16% allra spilaðra leikja hjá Breiðablik. Spilaðir eru um 500 - 600 leikir yfir vetrartímann og um 600 - 700 leikir yfir sumartímann hjá íþróttafélaginu (Breiðablik, 2017).



Mynd 4 – Fjöldi iðkenda á æfingarsvæðum eftir vikudögum veturinn 2016/2017.



Æfingar flytjast að mestu út á vorin, yfirleitt í lok maí eða byrjun júní, þegar grasið er tilbúið. Fer það eftir veðurfari og hvernig grasið kemur undan vetri hversu snemma hægt er að spila á grasvöllum félagsins.

### 2.3.1 *Fífan*

Byggingin var tekið í notkun árið 2002 eftir að ákveðið var að byggja yfir gervigrasvöll félagsins sem hafði verið í notkun frá 1991. Stærð byggingar markaðist af því að hægt væri að koma fyrir innanhúss knattspyrnuvelli ásamt æfingaaðstöðu fyrir frjálsíþróttir umhverfis völlinn innan byggingarinnar. Gervigras Fífunnar var endurnýjað árið 2013 og innfylling var löguð 2014.

Byggingin er fullleinangruð og hiti er í gólfi sem viðheldur jöfnu hitastigi. Völlurinn sjálfur er af löglegri keppnisstærð, 105 x 68 m, með gervigrasi af þriðju kynslóð. Lofthæð yfir hliðarlínunum knattspyrnuvallarins er 7,2 m og um 13 m yfir miðju vallarins.

Við byggingu Fífunnar var gerð krafa um að stærð knattspyrnuvallar væri 105 x 68 m og að unnt væri að skipta honum í tvær einingar við miðlínu vallarins.

Aðstaðan er opin frá kl. 06.00 á morgnanna til kl. 23:30 á kvöldin á virkum dögum. Á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum er félagið með Fífuna til kl. 21:00 og til kl. 22:00 miðvikudaga og föstudaga og allan daginn um helgar en þá er húsinu lokað kl. 20 (Kópavogsbær, 2017). Fjöldi iðkenda sem æfa í húsinu er mismunandi eftir dögum.

Á æfingum er vellinum iðulega skipt upp í minni svæði eftir aldri iðkenda og fjölda iðkenda í flokkum. Eldri iðkendur, 4 flokkur og uppúr, æfa yfirleitt á heilum eða hálfum velli. Á æfingum yngri flokka er vellinum skipt upp í minni svæði, fjórðunga, og oft er þeim skipt niður í enn minni æfingarsvæði.

Aðstaðan er einnig nýtt fyrir frjálsíþróttæfingar og eldri borgarar nýta aðstöðuna á morgnanna til göngu. Þetta gerir það að verkum að geymslupláss fyrir mörk og annan búnað er á tímum takmarkað og fer því pláss af æfingarsvæðinu, þ.e. knattspyrnuvellinum, í að geyma þann búnað (Breiðablik, 2017).

Skv. forráðamönnum Breiðabliks (Breiðablik, 2017) fylgja margir foreldrar yngri flokka börnum sínum á æfingar og standa við vallarlínu. Því getur, á stærri æfingum yngri flokka, orðið þétt staðið við völlinn.

### 2.3.2 *Fagrilundur*

Við Fagralund er óupphitaður, 107 x 65 m gervigrasvöllur og þar af er merktur völlur 104 x 62 m. Staðsetning vallarins er í Fossvogi, í um þriggja km fjarlægð frá Fífunni og Smáranum. Völlurinn, sem tekinn var í notkun árið 2006, var lagður ofan á vallarstæði sem áður var malarvöllur í sömu stærð og var þá hugsaður sem æfingavöllur með undanþágu.

Kröfur KSÍ gera ráð fyrir að keppnisvellir séu ekki minni en 105 x 68 m en leyfðir eru vellir sem ná allt að 110 x 75 m. Í 2. deild karla og neðar og í 1. deild kvenna er heimilt að leika á völlum niður í 60 x 100 m (KSÍ, 2006). Stærð vallarins við Fagralund nær ekki stærð löglegs keppnisvallar sem gerir það að verkum að meistaraflokkur getur ekki keppt á vellinum en allir flokkar geta æft á honum.

Gervisgras vallarins er 11 ára gamalt, framleiðendur gefa um 5 ára ábyrgð á eiginleika teppisins en lítil reynsla er komin á eiginlegan endingartíma slíkra teppa. Gervigrasið ætti að halda eiginleikum sínum í 8-10 ár við eðlilega notkun, en eftir þann tíma má búast við að það eyðist hraðar og að frávik frá uppgefnum eiginleikum þess aukist (KSÍ, 2006).

Notkun á knattspyrnuvöllum með gervigrasi getur verið töluverð en raunhæft er að áætla notkun um 1.000 - 1.500 klst. á ári eða um 20-28 klst. á viku (KSÍ, 2006). Þó eru dæmi um enn meiri notkun á gervigrasvöllum.





Samkvæmt sjónrænni úttekt sem gerð var af VSÓ á gervigrasinu í Fagralundi er grasmottan slitin og úr sér gengin. Innfylling gervigrassins er SBR gúmmí (dekkjagúmmí) sem er á undanhaldi hér á Íslandi. Völlurinn uppfyllir ekki núverandi kröfur sem knattspyrnuyfirvöld gera til gæða keppnis- og æfingavallar af þessari gerð. Í ljósi þessa þarfnast völlurinn endurnýjunar (VSÓ, Júní 2017).

Skv. upplýsingum frá Kópavogsbæ er Breiðablik með 92 einingar til ráðstöfunar vikulega á gervigrasvellinum og önnur félög með 14 einingar. Skv. tímum í stundarskrá Breiðabliks nýtir félagið einungis um 28 einingar vikulega, sem er um 30% nýting á úthlutuðum tímum á vellinum.

### 2.3.3 Önnur aðstaða

Breiðablik leigir einnig aðstöðu hjá ÍR og Sporthúsinu, samtals um 17 klst. á viku ásamt tímum um helgar fyrir leiki. Tímar Breiðabliks á ÍR velli eru fastir og hafa verið það frá miðjum október 2016. Allir tímar í Sporthúsinu, frá kl. 15-17, eru fastir. Nýtingin á þeim er þannig að mánudaga, miðvikudaga, og föstudaga er full nýting á tímum. Um 60-70% nýting er á tímum á fimmtudögum og á þriðjudögum er nýtingin minni og fer þá mikið eftir þörfum og aðstæðum á vellinum í Fagralundi.

Í Sporthúsinu eru nýttir tveir 20 x 39 m fótboltavellir með gervigrasi.

Aðstaðan sem leigð er hjá ÍR er gervigrasvöllur að stærð 105 x 68 m, völlurinn er upphitaður með hitakerfi með fjarstýrðum vöktunarbúnaði. Gervigrasvöllurinn er flóðlýstur og gervigrasið af þriðju kynslóð sem uppfyllir allar kröfur frá KSÍ og UEFA.


## 3 Aðstaða

Skv. heimildum frá íþróttafélögum og KSÍ eru engar skráðar reglur eða opinber viðmið til um æskilegan fjölda iðkenda og stærð æfingasvæða. Það er því á ábyrgð félaganna að setja sér slík viðmið. Í raun virðist lítið um slík viðmið innan félaga og markmiðið yfirleitt eingöngu að koma öllum iðkendum fyrir á æfingum. Á fundi með KSÍ kom fram að þó engar reglur séu til, er talið æskilegt, við bestu aðstæður, að allir flokkar fái æfingar á sömu stærð valla og þeir keppa á (KSÍ, munnleg heimild 2017).

Til viðmiðunar er því settur fram æskilegur fjöldi iðkenda í samræmi við stærð valla. Einnig er gert ráð fyrir varamönnum og viðmið fyrir æskilegan fjölda er því sett fram á fjöldabili fyrir hvern flokk, í samræmi við flokka og lengd keppnisleikja. Rétt er að taka fram að á æfingum eru einnig styrktar- og tækniæfingar ásamt öðrum æfingum og því krefjast ekki allar æfingar jafn mikils rýmis.

Tafla 1 - Viðmið um æskilegan fjölda iðkenda á heilum velli í samræmi við stærð valla sem viðkomandi flokkar keppa á.

Flokkur	Fæðingarár	Stærð keppnisvallar	Fjöldi leikmanna í liði	Æskilegt lðk. / völl
M. fl.	1999-	Full stærð	11	22-30
2. fl.	1998-2000	Full stærð	11	22-30
3. fl.	2001-2002	Full stærð	11	22-30
4. fl.	2003-2004	Full stærð	11	22-30
5. fl.	2005-2006	Hálfur völlur	8	32-40
6. fl.	2007-2008	1/8 völlur	5	80-90
7. fl.	2009-2010	1/8 völlur	5	80-90
8. fl.	2011 og síðar	1/8 völlur	5	80-90



Mynd 5 - Skipting keppnisvalla í 5. til 8. flokki og fjöldi leikmanna á velli.

Ekki eru til skilgreindar kröfur frá KSÍ um viðmið æfingartíma hjá iðkendum en samkvæmt samantekt KSÍ, er fjöldi æfinga á viku yfirleitt eftirfarandi (KSÍ, maí 2017):

Tafla 2 - Samantekt á vikulegum æfingartímum frá KSÍ og Breiðablik

Aldur í árum	Flokkur	Fjöldi tíma á viku KSÍ	Fjöldi tíma á viku Breiðablik*
4-6	8. flokkur	1 - 2	1 - 2
7-10	6.-7. flokkur	3 - 4	2 - 3
11-14	4.-5.flokkur	4	3 - 6
15-19	2.-3. flokkur	4 - 6	4 - 6
>19	Meistaraflokkur	5 - 8	6 - 7

\*skv. stundarskrá Breiðablik

Í töflu 2 má sjá samanburð á fjölda æfinga á viku skv. samantekt KSÍ og fjölda æfinga á viku hjá Breiðablik skv. stundarskrá félagsins. Þar má sjá að fjöldi æfinga í viku hjá Breiðablik er í samræmi við fjölda æfinga í samantekt KSÍ. Stundaskrá Breiðabliks er birt í viðauka.

Á mánudögum fara þjálfarar Breiðabliks yfir stundatöflu og skipuleggja vikuna, þá er farið yfir æfingar og stöðumat er tekið á völlum utandyra. Nokkuð er um að hliðra þurfi til í æfingaráætlun til að koma fyrir öllum æfingum vikunnar. Auk hefðbundinna æfinga eru styrktaræfingar hjá 4. flokki og uppúr, 1 - 2 sinnum í viku á hvern flokk eða um 14 tímar á viku. Tímar á morgnanna, frá kl. 6:15 - 7:30, eru stundum nýttir undir tækniæfingar fyrir yngri flokkana.

Þá eru einnig vikulegar markmannsæfingar sem fara fram á æfingunum sjálfum eða í kringum æfingar og þá er búið til pláss ef með þarf. Fjöldi æfinga fer eftir flokkum. Meistaraflokkur er með þrjár æfingar í viku og yngri flokkar tvær æfingar í viku. Fjöldi iðkenda á markmannsæfingum er mismunandi en er á bilinu 2 - 6 iðkendir eftir flokkum (Breiðablik, 2017).

Skv. forráðamönnum Breiðabliks eru æfingartímar að jafnaði um 60 mínútur en þyrftu að vera 90 mínútur hjá meistaraflokki og 2 flokki. Að sögn þeirra eru æfingar oft lengdar í 75 mínútum með því að fara með flokka inn á aðrar æfingar og nýta tímann til upphitunar. (Breiðablik, 2017).

Æskileg tímalengd æfinga skv. KSÍ er birt í töflu 3 (KSÍ, tölvupóstur 2017). Taflan sýnir mínútur á velli, en mörg lið lengja svo æfingarnar með því að taka upphitun á hluta af velli eða utan vallar í um það bil 15 mínútur.



Tafla 3 - Lengd æfinga í mín.

		<b>KSÍ Mín.</b>	<b>Breiðablik* Mín.</b>
Meistara fl.	1999-	75-90	60-90
2. flokkur	1998-2000	75-90	60-90
3. flokkur	2001-2002	60-75	60
4. flokkur	2003-2004	60-75	60
5. flokkur	2005-2006	60	60
6. flokkur	2007-2008	60	60
7. flokkur	2009-2010	50-60	60
8. flokkur	2011 og síðar	50-60	45-60

\*Skv. stundarskrá Breiðabliks

Tafla 3 sýnir tímalengd æfinga Breiðabliks skv. stundarskrá félagsins og upplýsingar um æskilega tímalengd æfinga frá KSÍ. Eru þetta sambærilegar tímalengdir en þó má sjá að æfingar meistaraflokks og 2. flokks ná ekki allar 75-90 mín. Að sögn Breiðabliks þá bjóða önnur félög upp á 90 mínútna æfingatíma fyrir eldri flokka. Þá kemur fyrir að meistaraflokkur spilar leiki á þeim tímum sem æfingar eru um helgar.

Þá hefur komið upp sú staða að um helgar þurfi að fella niður æfingar á sunnudögum til þess að koma leikjum inn ef Fagrilundur eða ÍR völlum eru ekki leikhæfir.

## 4 Fífan nýting

### 4.1 Nálgun

Greindir voru sérstaklega þeir tímar sem Breiðablik nýtir til knattspyrnuæfinga í Fífunni. Tekinn var saman fjöldi iðkenda eftir flokkum og tímum fyrir hvern dag vikunnar og borin saman við viðmið í samræmi við þörf iðkenda á rými til knattspyrnuíðkunar. Að lokum var lagt mat á það hvort og hvernig unnt væri að bæta nýtingu á Fífunni.

### 4.2 Forsendur

Greiningin byggir á upplýsingum um fjölda iðkenda eftir flokkum og æfingatíma í Fífunni skv. stundatöflu Breiðabliks. Þar sem upplýsingar um fjölda vantar eða er óljós í stundatöflu er byggt á tölum frá Kópavogsbæ. Rétt þykir að taka fram, eins og kemur fram í kafla 3, að stundatafla er upp að ákveðnu marki breytileg og oft á tíðum þarf að færa til æfingatíma til að rýma fyrir öðrum æfingahópum. Sérstaklega á það við þegar aðstæður eru þannig á veturna að ekki er unnt að æfa á Fagralundi. Greiningin tekur ekki tillit til slíkra óvissuþátta heldur eingöngu fyrirbyggjandi tölulegra upplýsinga í stundatöflu. Niðurstöður greiningarinnar geta þó nýst við skipulagningu á þeim tímum/óvissuþáttum þegar slíkt ber við. T.d. þegar ekki er unnt að æfa í Fagralundi vegna veðurs er hægt að leggja betur mat á hvort rými sé í Fífunni til að færa þá tíma á og hvaða tími er hentugastur.

### 4.3 Einingar

Rýmisþörf iðkenda er misjöfn eftir flokkum og eins og fram kemur í kafla 3 eru engar skráðar reglur eða opinber viðmið til um hámarks fjölda iðkenda og stærð æfingasvæða. Til að meta þörf iðkenda eftir mismunandi flokkum er fundin stöðluð stærð, eining, fyrir alla flokka. Sú eining gefur til kynna sambærilegan fjölda iðkenda í hverjum flokki með tilliti til rýmisþarfar á fullum knattspyrnuvelli í keppni (Tafla 4).



Tafla 4: Fjöldi iðkenda á heilum velli í samræmi við stærð valla sem viðkomandi flokkar keppa á og sambærilegur fjöldi á velli m.t.t. nýmisþarfar (eining).

Flokkur	Stærð keppnisvallar	Fjöldi leikmanna í liði	Iðk. á heilum velli í keppni	Eining*
M. fl.	Full stærð	11	22	1
2. fl.	Full stærð	11	22	1
3. fl.	Full stærð	11	22	1
4. fl.	Full stærð	11	22	1
5. fl.	Hálfur völlum	8	32	1,5
6. fl.	1/8 völlum	5	80	3,6
7. fl.	1/8 völlum	5	80	3,6
8. fl.	1/8 völlum	5	80	3,6

\*Sambærilegur fjöldi iðkenda m.t.t. fjölda iðkenda á heilum velli í keppni

#### 4.4 Viðmið

Til að unnt sé að meta nýtingu Fífunnar eru sett fram tvö viðmið um fjölda eininga á velli. Þar sem engin opinber viðmið eru til staðar er annarsvegar byggt á fjölda leikmanna á keppnisvelli viðkomandi aldursflokks og hinsvegar meðalnýtingu hjá Breiðablik skv. stundatöflu. Þau viðmið sem notuð eru í greiningu þessari eru því eingöngu leiðbeinandi. Viðmiðin gefa þó ágæta mynd af núverandi nýtingu Fífunnar, hvað varðar fjölda iðkenda og stærð æfingarsvæða, ásamt því að gefa vísbendingar um hvort unnt sé að bæta nýtingu mannvirkisins.

##### 4.4.1 Viðmið 1, bestu aðstæður

Til viðmiðunar fyrir bestu aðstæður er settur fram æskilegur fjöldi iðkenda í samræmi við stærð keppnisvalla og fjölda leikmanna í keppni í hverjum flokki. Gert er ráð fyrir rými fyrir nokkra aukamenn og því er viðmið 1 sett fram á fjöldabili fyrir hvern flokk.

Viðmið 1, bestu aðstæður, gerir ráð fyrir að 22-30 einingar æfi hverju sinni á heilum velli.

##### 4.4.2 Viðmið 2, hámarks nýting

Þar sem engin opinber viðmið um hámarksnýtingu eru til staðar er byggt á þeim forsendum að núverandi nýting hjá Breiðablik, á þeim tímum sem þeir eru með æfingar, sé hámarksnýting á húsinu.

Til að finna viðmið um hámarksnýtingu var því stuðst við meðalnýtingu hjá Breiðablik skv. stundatöflu, þ.e. meðaltal m.v. fjölda sem æfa á hverjum æfingartíma yfir alla daga vikunnar, umreiknað yfir í einingar sem birtar eru í töflu 4. Gengið er út frá því að viðmið 2 sé hámarksnýting sem ekki er æskilegt að fara yfir.

#### 4.5 Nýtingarmöguleikar


Við útreikninga á nýtingarmöguleikum var byggt á eftirfarandi forsendum:

- ▶ Tímar í Fífunni skv. stundatöflu Breiðabliks og upplýsingum frá Kópavogsbæ.
- ▶ Útivistartími barna
  - > 5. – 8. flokkur til kl. 20:00, æfingar eru aldrei lengur en til kl. 19:00
  - > 3. – 4. flokkur til kl. 22:00, æfingar eru aldrei lengur en til kl. 21:00
- ▶ Vinnutími og skóli
  - > Meistaraflokkur og eldri flokkar geta æft á morgnanna fyrir kl. 7:30 eftir kl. 17:00 virka daga.




#### 4.6 Mánudagur, núverandi staða

Á Mynd 6 má sjá fjölda iðkenda eftir flokkum á tímabilinu frá kl. 14:00 til kl. 22:30 í Fífunni á mánudögum og á mynd 7 má sjá fjöldann á mánudögum umreiknaðan yfir í einingar.



Mynd 6: Mánudagur, fjöldi iðkenda á æfingum eftir flokkum og tíma

Mynd 7 sýnir hver staðan er þegar fjöldi iðkenda hefur verið umreiknaður yfir í einingar. Þar má sjá að m.v. núverandi nýtingu er fjöldi iðkenda alltaf yfir viðmiði 1 og fer einnig nokkuð yfir viðmið 2 eftir kl. 19. Nýting á milli kl. 15-16:30, kl. 18, og 19-20:30 er í hámarki en nokkuð svigrúm er að nýta aðra tíma dagsins betur. Æfingar 2. og 3. flokks eru yfir hámarksviðmiðum.




Mynd 7 - Mánudagur, fjöldi staðlaðra eininga eftir flokkum og tíma




#### 4.6.1 Mánudagur, möguleg nýting

Mynd 8 sýnir bestu mögulegu nýtingu á mánudagstímum samkvæmt þeim forsendum sem unnið var eftir. Ef miðað er við viðmið 1 er rýmið fullnýtt og einingar alltaf við og yfir viðmiðunarmörkum en allar æfingar eru þó nálægt bestu aðstæðum. Með því að færa til æfingar er hægt að bjóða upp á talsvert betri aðstöðu fyrir iðkendur í öllum flokkum en nú er. Flestir flokkar eru nálægt efri mörkum um bestu æfingaraðstöðu.



Mynd 8: Mánudagur möguleg nýting og viðmið 1


Mynd 9 sýnir að samkvæmt viðmiði 2 er svigrúm til að bæta við einingum, þ.e. fjölga iðkendum og nýta rými betur á mánudögum. Allir flokkar eru undir viðmiði um hámarksnýtingu.



Mynd 9: Mánudagur, möguleg nýting og viðmið 2


#### 4.7 Þriðjudagur, núverandi staða

Mynd 10 sýnir fjölda iðkenda eftir flokkum og tíma í Fífunni á þriðjudögum og á mynd 11 má sjá fjöldan umreiknaðan yfir í einingar.



Mynd 10: Þriðjudagur, fjöldi iðkenda á æfingum eftir flokkum og tíma

Mynd 11 sýnir fjölda sem hefur verið staðlaður yfir í einingar. Miðað við núverandi nýtingu fer fjöldinn alltaf yfir viðmið 1 og á milli kl. 17 og 19 fer fjöldinn einnig yfir viðmið 2.




Mynd 11: Þriðjudagur, fjöldi staðlaðra eininga eftir flokkum og tíma




#### 4.7.1 Þriðjudagur, möguleg nýting

Mynd 12 sýnir bestu mögulegu nýtingu á þriðjudögum og má sjá að m.v. viðmið 1 er rýmið að mestu fullnýtt og lítið svigrúm til að bæta við, en flestir æfingartímar falla innan viðmiðs um bestu aðstæður.



Mynd 12 - Þriðjudagur möguleg nýting og viðmið 1

Mynd 13 sýnir að það er töluvert svigrúm til að bæta við einingum þ.e. fjölga iðkendum og nýta rými betur samkvæmt viðmiði 2. Allir flokkar eru undir viðmiði um hámarksnýtingu.




Mynd 13 - Þriðjudagur möguleg nýting og viðmið 2






#### 4.8 Miðvikudagur, núverandi staða

Á mynd 14 má sjá fjölda iðkenda eftir flokkum í Fífunni á miðvikudögum, á mynd 15 má sjá fjöldann á miðvikudögum umreiknaðan yfir í einingar. Þar má sjá að æfingar eru talsvert yfir viðmiðum um bestu aðstæður og fara yfirleitt yfir viðmið um hámarksnýtingu Það eru 7., 6., 5. og 2. flokkur sem æfa á tímum þar sem nýtingin er yfir hámarksviðmiðum.



Mynd 14 - Miðvikudagur, fjöldi iðkenda á æfingum eftir flokkum og tíma




Mynd 15 - Miðvikudagur, fjöldi staðlaðra eininga eftir flokkum og tíma




#### 4.8.1 Miðvikudagur, möguleg nýting

Mynd 16 sýnir bestu mögulegu nýtingu á rýminu og þar má sjá að samkvæmt viðmiði 1 er rýmið fullnýtt. Um helmingur æfingartímans er innan viðmiða 1, bestu aðstæður, en toppar eru á milli kl. 16 og 17 og aftur seinnipart á milli kl. 19:30 til 23:00, þar sem fjöldinn fer yfir viðmið 1.



Mynd 16 - Miðvikudagur möguleg nýting og viðmið 1

Ef miðað er við viðmið 2 er svigrúm til að bæta við einingum og nýta rými betur (Mynd 17). Allir flokkar eru undir viðmiðum um hámarksnýtingu.




Mynd 17 - Miðvikudagur möguleg nýting og viðmið 2




#### 4.9 Fimmtudagur, núverandi staða

Á mynd 18 má sjá fjölda iðkenda eftir flokkum í Fífunni á fimmtudögum skv. stundaskrá og á mynd 19 má sjá fjöldann umreiknaðan yfir í einingar.



Mynd 18 - Fimmtudagur, fjöldi iðkenda á æfingum eftir flokkum og tíma

Þegar fjöldi hefur verið færður yfir í einingar má sjá að m.v. núverandi nýtingu er fjöldinn alltaf yfir viðmiði 1 og fer yfir viðmið 2 á tímabilinu kl. 15-16:30 (Mynd 19).




Mynd 19 - Fimmtudagur, fjöldi staðlaðra eininga eftir flokkum og tíma




#### 4.9.1 Fimmtudagur, möguleg nýting

Mynd 20 sýnir bestu mögulegu nýtingu á aðstöðunni á fimmtudögum og má sjá að ef miðað er við viðmið 1 er rýmið vel nýtt en þó er svigrúm til að bæta við einingum. Allir flokkar, nema 3. flokkur, ná að æfa við bestu aðstæður.



Mynd 20 - Fimmtudagur möguleg nýting og viðmið 1

Mynd 21 sýnir að miðað við viðmið 2 er töluvert svigrúm til að bæta við einingum og nýta rými betur fyrir alla aldursflokka.




Mynd 21 - Fimmtudagur möguleg nýting og viðmið 2




#### 4.10 Föstudagur, núverandi staða

Mynd 22 sýnir fjölda iðkenda eftir flokkum og æfingartíma í Fífunni á föstudögum og á mynd 23 má sjá fjöldann á föstudögum umreiknaðan yfir í einingar.



Mynd 22 - Föstudagur, fjöldi iðkenda á æfingum eftir flokkum og tíma


Þegar fjöldi hefur verið færður yfir í einingar má sjá að m.v. núverandi nýtingu er fjöldinn alltaf við og yfir viðmiði 1 og fer oft yfir viðmið 2 (Mynd 23). Á föstudögum æfir meistaraflokkur við bestu aðstæður, 5. flokkur nær að æfa með fjölda undir viðmiði 2, en 4. flokkur æfir við aðstæður sem eru yfir báðum viðmiðum.



Mynd 23 - Föstudagur, fjöldi staðlaðra eininga eftir flokkum og tíma


#### 4.10.1 Föstudagur, möguleg nýting

Mynd 24 sýnir bestu mögulegu nýtingu á rýminu á föstudögum, ef viðmið 1 er skoðað sérstaklega má sjá að rýmið er vel nýtt og lítið svigrúm er til að bæta við einungum. Samkvæmt þessu æfir meistaraflokkur við bestu aðstæður á föstudögum.



Mynd 24 - Föstudagur möguleg nýting og viðmið 1

Mynd 25 sýnir að ef miðað er við viðmið 2 er svigrúm til að bæta við einungum og nýta rými betur fyrir 4. flokk og meistaraflokk. Ekki er gert ráð fyrir að unnt sé að bæta við einungum á tímum þar sem leikir eru tilgreindir í stundartöflu.




Mynd 25 - Föstudagur möguleg nýting og viðmið 2




#### 4.11 Laugardagur, núverandi staða

Á mynd 26 má sjá fjölda iðkenda eftir flokkum og tíma á laugardögum og á mynd 27 má sjá fjöldann á laugardögum umreiknaðan yfir í einingar.



Mynd 26 - Laugardagur, fjöldi iðkenda á æfingum eftir flokkum og tíma

Þegar fjöldi hefur verið staðlaður yfir í einingar má sjá að m.v. núverandi nýtingu er fjöldinn við og fer yfir viðmið 1, bestu aðstæður (Mynd 27). Samkvæmt þessu æfa meistaraflokkur og 2. flokkur á tímum þar sem nýtingin er yfir hámarksnýtingu, frá kl. 10:00 til 11:30. Á öðrum tímum eru æfingar nálægt bestu aðstæðum.




Mynd 27 - Laugardagur, fjöldi staðlaðra eininga eftir flokkum og tíma




#### 4.11.1 Laugardagur, möguleg nýting

Mynd 28 sýnir bestu mögulegu nýtingu á rýminu á laugardögum. Þar má sjá að ef miðað er við viðmið 1 er rýmið vel nýtt og lítið svigrúm til að bæta við einingum. Það eru 2. flokkur og meistaraflokkur sem æfa á tímum þar sem viðmiðum um bestu aðstæður er ekki náð, frá kl. 10:00 til 11:30.



Mynd 28 - Laugardagur möguleg nýting og viðmið 1

Mynd 29 sýnir að samkvæmt viðmiði 2 er svigrúm til að bæta við einingum. Ekki er gert ráð fyrir að unnt sé að bæta við einingum þar sem leikir eru tilgreindir í stundartöflu, þar sem leikið er á heilum velli.




Mynd 29 - Laugardagur möguleg nýting og viðmið 2






#### 4.12 Sunnudagur, núverandi staða

Á mynd 30 má sjá fjölda iðkenda eftir flokkum og tíma í Fífunni á sunnudögum og á mynd 31 má sjá fjöldann á sunnudögum umreiknaðan yfir í einingar.



Mynd 30 - Sunnudagur, fjöldi iðkenda á æfingum eftir flokkum og tíma

Þegar fjöldi hefur verið færður yfir í einingar má sjá að m.v. núverandi nýtingu fer fjöldinn alltaf yfir viðmið 1 og oft yfir viðmið 2 (Mynd 31) Æfingar 4. flokks, á milli kl. 13 og 16, eru yfir hámarksviðmiðum og æfingar 7. og 6. flokks fara aðeins yfir viðmið á milli kl. 10 og 11.




Mynd 31 - Sunnudagur, fjöldi staðlaðra eininga eftir flokkum og tíma




#### 4.12.1 Sunnudagur, möguleg nýting

Mynd 32 sýnir bestu mögulegu nýtingu á rýminu á sunnudögum og má sjá að ef miðað er við viðmið 1 er rýmið fullnýtt og yfir viðmiðunarmörkum á milli kl. 10 og 11 og aftur á milli kl. 13-18. Á öðrum tímum geta flokkar æft við bestu aðstæður.



Mynd 32 - Sunnudagur möguleg nýting og viðmið 1

Mynd 33 sýnir að allir flokkar æfa við aðstæður sem eru við eða undir hámarksviðmiðum. Ekki er gert ráð fyrir að hægt sé að bæta við einungum þar sem leikir eru tilgreindir í stundartöflu, þar sem leikið er á heilum velli.



Mynd 33 - Sunnudagur möguleg nýting og viðmið 2

#### 4.13 Fífan samantekt

Niðurstöður greiningarinnar benda til þess að unnt sé að ná fram betri nýtingu á Fífunni og þá einna helst með því að færa til tíma og nýta betur tíma á morgnum og á kvöldin.

Á morgnana opnar húsið kl. 06:00, þann tíma er unnt að nýta betur með því að færa æfingar fram til þess tíma. Í stundaskrá Breiðabliks kemur þó fram í texta undir töflu að morgnar séu stundum notaðir undir æfingar, þar er þó ekki settur fram fjöldi iðkenda,



tegundir æfinga og ekki er gert sérstaklega ráð fyrir tímum í stundatöflu. Æfingar á morgnanna, fjöldi þeirra og fjöldi iðkenda á æfingum er því óljós og því má gera ráð fyrir að þeir tímar nýtist betur ef þeim er úthlutað sérstaklega til ákveðinna flokka/hópa.

Þá er hægt að nýta tíma á milli kl. 14 og 15 betur þar sem yngstu flokkar gætu mætt strax eftir skóla. Skv. upplýsingum frá Kópavogsbæ er skóladagur yngstu nemenda yfirleitt að ljúka um kl. 13:30-14:00. Til að unnt sé að nýta tíman á milli kl. 14 og 15 betur og gera yngstu flokkum kleyft að vera mætt í Fífuna kl. 14:00 þyrfti sennilega að koma til einhvers samráðs og samvinnu á milli Kópavogsbæjar, skóla/fristundaheimilis og Íþróttafélags. Skv. viðmiði 1, bestu aðstæður, má nýta tímann á milli kl. 14 og 15 fyrir 22-30 einingar sem eru um 80 -100 krakkar í 7. fl. og 8. fl. Ef miðað er við viðmið 2, rúmast 50 einingar á þessu tímabili sem gætu verið allt að 180 krakkar í yngstu flokkunum. Ef samkomulag næðist ekki á milli aðila er ljóst að þessum einingum þyrfti að finna stað á öðrum tímum.

Samkvæmt stundaskrá Breiðabliks lýkur síðustu æfingum kl. 21:00 á kvöldin á virkum dögum en húsið lokar ekki fyrr en kl. 22:30. Tíminn eftir kl. 21:00 í Fífuni er nú að miklu leyti nýttur í útleigu til annarra aðila en gætu nýst fyrir æfingar eldri flokka.

Sé horft til viðmiðs 2, hámarksnýting, má sjá að svigrúm er að nýta Fífuna talsvert betur til æfinga.

## 5 Önnur félög

Leitað var eftir upplýsingum um iðkendafjölda, aðstöðu og æfingar hjá öðrum félögum. Leitað var til Stjörnunnar, Vals, ÍR og Fram. ÍR og Fram gáfu upplýsingar um aðstöðu sína og stærð flokka en ekki fengust slíkar upplýsingar frá Stjörnunni og Val.

### 5.1 Stjarnan

Félagið hefur tvo upphitaða gervigrasvelli í fullri stærð 105 x 68 m til afnota. Auk þess hefur félagið annan gervigrasvöll til afnota sem er rúmlega  $\frac{1}{2}$  að stærð ásamt öðrum minni sem nær  $\frac{1}{4}$  af fullri stærð.

Skv. heimildum telur Stjarnan sig þurfa tvo heila keppnisvelli og einn  $\frac{1}{2}$  völl til að þjónusta um 840 iðkendum, en það var iðkendafjöldi árið 2015. Allir flokkar æfa á upptöldum keppnisvöllum og æfir meistaraflokkur í Kórnum tvisvar í viku yfir vetrarmánuðina (Valur, 2017).

### 5.2 ÍR

Félagið hefur upphitaðan og flóðlýstan gervigrasvöll að stærð 105 x 68 m til afnota. ÍR hefur forgang að aðstöðunni en tímar sem félagið nýtir sér ekki eru leigðir út til annarra félaga eða einkaaðila. Auk þessarar aðstöðu notar félagið parketgólf íþróttahúsa, þá aðallega fyrir yngstu flokkana. Meistaraflokkur æfir einnig í Egilshöll tvisvar í viku.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að fá yfirbyggt knattspyrnuhús til að bæta aðstöðu deildarinnar. Slíkt hús verður samkvæmt áætlun Reykjavíkurborgar tekið í notkun í lok árs 2018 (ÍR, 2017).

### 5.3 Fram

Félagið hefur tvo upphitaða og flóðlýsta gervigrasvelli að stærð 105 x 68 m. Núverandi aðstaða þykir fullnægjandi í samræmi við iðkendafjölda 2017. Íþróttahús eru stundum nýtt fyrir yngstu flokkana en það er ekki vegna plássleysis. Meistaraflokkur Fram æfir í Egilshöll vikulega en það er ekki vegna plássleysis heldur til að fá æfingar innandyra (Fram, 2017).



## 5.4 Samanburður félaga

Tafla 5 – Samanburður á fjölda iðkenda milli íþróttafélaga.

Flokkur	Fæðingarár	Breiðablik	Fram	ÍR
Meistara fl.	1999-	44	25	55
2. flokkur	1998-2000	92	30	
3. flokkur	2001-2002	129	43	40
4. flokkur	2003-2004	216	80	60
5. flokkur	2005-2006	223	106	95
6. flokkur	2007-2008	250	131	95
7. flokkur	2009-2010	245	136	95
8. flokkur	2011 og síðar	210	104	80
		<b>1.365</b>	<b>655</b>	<b>465</b>

\*heildarfjöldi iðkenda 2017

Í töflu 6 gefur að líta samantekt á aðstöðu íþróttafélaga á vetrartíma, en þá eru einungis teknir gervigrasvellir og knatthús til samanburðar.

Tafla 6 - Samantekt á aðstöðu íþróttafélaga á vetrartíma .

Félag	Fjöldi iðkenda	Knatthús (m <sup>2</sup> )	Óupphitað gervigr. (m <sup>2</sup> )	Upphitað gervigr. (m <sup>2</sup> )	Samtals (m <sup>2</sup> )	m <sup>2</sup> / Iðk.
Breiðablik	1.365	7.140	6.448		13.588	10
ÍR	465			7.140	7.140	15
Fram	655			14.280	14.280	22
Stjarnan*	890		5.355	14.280	19.635	22

\*stærð 2015

Auk þess æfa ÍR og Fram vikulega í Egilshöll og Stjarnan vikulega í Kórnum. Breiðablik leigir um 8.700 m<sup>2</sup> viðbótarrými hjá ÍR og Sporthúsinu

## 6 Samantekt

### 6.1 Fífan

Greining á nýtingu Fífunnar bendir til þess unnt að ná fram betri nýtingu á húsinu. Þar sem engin opinber viðmið eru til um hvaða fjöldi iðkenda er ásættanlegur á knattspyrnuæfingum, er nýting á Fífunni því háð þeim viðmiðum sem menn sætta sig við og sammælast um að séu ásættanleg. Niðurstöður þessarar greiningar benda til þess að með því að færa til tíma og nýta betur tíma á morgnum og á kvöldin sé unnt sé að ná fram betri nýtingu á húsinu, þannig að iðkendur nái að æfa undir eða nálægt viðmiði 1 um bestu aðstæður. Samkvæmt því viðmiði er Fífan þó að mestu fullnýtt og ef iðkendum fjölga mikið á næstum árum verður ekki unnt að ná viðmiðum um bestu æfingaaðstæður

Ávinningur af bættri nýtingu er að oftar er hægt að bjóða upp á bestu æfingaaðstöðu hvað varðar fjölda iðkanda á hverri æfingu. Þá býður bætt nýting einnig upp á tækifæri til að fjölga iðkendum í Fífunni, þannig að mannvirkið rými betur hópa sem eru fluttir óvænt í bygginguna vegna veðuraðstæðna. Með því að bæta nýtingu og nýta tíma á morgna og á kvöldin betur verður Fífan einnig betur í stakk búin til að taka við líklegri fjölgun iðkenda næstu árin.



## 6.2 Fagrilundur

Samkvæmt stundarskrá má sjá að aðeins um 30% af úthlutuðum einingum fyrir Fagralund eru nýttar. Skv. forráðamönnum Breiðabliks (Breiðablik, 2017) er gervigrasið orðið hart og lélegt sökum aldurs og ástæða þykir að skipta út gervigrasinu. Enginn hiti er í vellinum og þegar hitastigið fer undir frostmark koma dagar þar sem veðuraðstæður leyfa ekki notkun á vellinum. Völlurinn er að mati Breiðabliks nánast óleikhæfur frá nóvember-apríl. Félagið leigir því aðstöðu sem samsvarar rúmlega einum löglegum knattspyrnuvelli, um 8.700 m<sup>2</sup> af viðbótaraðstöðu á háanna tíma, á milli kl. 15 og 18 (Breiðablik, 2017).

Gervigras vallarins er 11 ára gamalt og skv. heimildum frá KSÍ (KSÍ, 2006) ætti gervigrasið að halda eiginleikum sínum í allt að 8-10 ár við eðlilega notkun. Samkvæmt sjónrænni úttekt VSÓ er grasmottan slitin og úr sér gengin og völlurinn uppfyllir ekki núverandi kröfur sem knattspyrnuvirkir gera til gæða keppnis- og æfingavalla af þessari gerð. Í ljósi þessa þarfnast völlurinn endurnýjunar.

## 6.3 Æfingar

Skv. viðmiðum í greinagerð þessari má sjá að Breiðablik nær að halda fjölda æfinga í samræmi við fjölda æfinga í samantekt KSÍ, meðal annars með því að leigja aðstöðu.

Þá má sjá að tímalengd æfinga Breiðabliks og upplýsingar um æskilega tímalengd æfinga frá KSÍ eru sambærilegar en þó má sjá að æfingar meistaraflokks og 2. flokks ná ekki allar 75-90 mín. Yngri flokkar ná að lágmarki 45-60 mín æfingum skv. stundaskrá.



## 7 Niðurstöður

Í greinargerð þessari hefur verið leitast við því að meta aðstöðuna hjá Breiðablik og greina nýtingu knattspyrnumannvirkja og gervigrasvalla.

Aðstaða Breiðablik verður að teljast góð í ljósi þess að stór hluti æfinga leikinn innandyra. Þegar kemur að samanburði á stærð aðstöðu Breiðablik við önnur félög má þó sjá að fjöldi fermetra á iðkenda hjá Breiðablik er mun minni en hjá þeim félögum sem samanburðurinn nær yfir. Iðkendum Breiðablik hefur fjölgað mikið síðustu ár og gera má ráð fyrir áframhaldandi fjölgun á næstu árum. Gervigrasið á Fagralundi er komið til ára sinna og þarfnast endurnýjunar sem veldur því að nýting á Fagralundi gæti verið mun betri.

Eftirfarandi eru tillögur að aðgerðum sem gætu stuðlað að betri nýtingu íþróttamannvirkja og m.a. gert félagið betur í stakk búið að taka á móti nýjum iðkendum í samræmi við líklega fjölgun á komandi árum.

Tillögurnar þyrfti þó að skoða með tilliti til annarra áhrifaþátta, svo sem búsetu iðkenda, aldursamsetningu, nálægð við æfingaaðstöðu, stundatöflu skóla og fl.

- Endurnýja gervigras á Fagralundi og hafa völlin upphitaðan.<sup>1</sup>
- Bæta nýtingu á Fífunni:
  - Nýta betur tíma á morgna, til þess þyrfti að skoða einhverskonar samráð eða samkomulag á milli skóla/frístundaheimilis og Íþróttafélags.
  - Nýta betur tíma á kvöldin.
- Nýta grunnskóla og parketrými í meira mæli fyrir yngri flokka.

Í Kópavogi er annað knatthús sem Breiðablik nýtir ekki, Kórinn. Unnt væri að greina nýtingu á Kórinum og kanna hvort samnýting íþróttafélagana á mannvirkinu gæti stuðlað að betri nýtingu.

<sup>1</sup> Skv. upplýsingum frá forsvarsmönnum Breiðabliks hafa verið ræddar hugmyndir um nýjan gervigrasvöll og hafa eftirfarandi staðsetningar meðal annars verið ræddar (1) Við Fagralund, endurnýja gervigras og setja hita undir það. (2) gera nýjan upphitaðan gervigrasvöll við hlið Fífunnar þar sem mesta umfang starfseminnar er nú þegar.



## 8 Heimildir

Breiðablik, 2017 - Kristján Jónatansson Eysteinn Pétur Lárusson og Hákon Sverrisson, Forráðamenn Breiðablik (munnleg heimild, töluþóstur, mars-júní 2017)

Daði Guðmundsson, Íþróttafulltrúi FRAM (munnleg heimild, töluþóstur, Mars 2017)

Dagur S. Dagbjartsson, Umsjónarmaður þjálfaramenntunar KSÍ (munnleg heimild, Maí 2017)

Dagur S. Dagbjartsson, Umsjónarmaður þjálfaramenntunar KSÍ (töluþóstur, Maí 2017)

Framkvæmdarsvið Reykjavíkurborgar, „Gervigrasvöllur ÍR“. Vefur Reykjavíkurborgar 2005, [http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulysingar/ir\\_-\\_gervigrasvollur.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/ir_-_gervigrasvollur.pdf)  
(skoðað 28.Mars 2017)

Jón Júlíusson og Steingrímur Hauksson, Kópavogsbær (munnleg heimild, töluþóstur, 2017)

Mannvirkjanefnd KSÍ, „Keppnisvellir í Knattspyrnu og uppbygging þeirra á Íslandi“. Vefur KSÍ Janúar 2006, [http://www.ksi.is/media/mannvirki/mannvirkjanefnd\\_januar\\_2006.pdf](http://www.ksi.is/media/mannvirki/mannvirkjanefnd_januar_2006.pdf)  
(skoðað 27. Mars 2017).

Valur, „Forathugun á gervigrasvæðingu Knattspyrnufélagsins Vals.“ Vefur Vals Apríl 2015, <http://www.valur.is/media/134353/sk%C3%BDrsla%20starfsh%C3%B3ps.pdf>  
(skoðað 28.Mars 2017)

Vilhjálmur Ásgeirsson, Verkfræðingur VSÓ (munnleg heimild, Júní 2017)

Þráinn Hafsteinsson, Íþróttastjóri ÍR (munnleg heimild, töluþóstur, Mars 2017)



9 Viðauki

9.1 Æfingartafla Breiðabliks

	Mánudagur						Þriðjudagur					
	Fífan 1/4	Fífan 1/4	Fífan 1/4	Fífan 1/4	Fagri (1/1)	ÍR (1/2)	Sporthús	Fífan 1/4	Fífan 1/4	Fífan 1/4	Fífan 1/4	Sporthús
14:00												
15:00		5kk - 70					4kv- 32	6kk-84	6kv - 32	Séræf/markm	**4kk	
15:30		5kk - 70					4kv- 32	6kk-84	6kv - 32	Séræf/markm	**4kk	
16:00		5kk - 75					4kv- 34	6kk-97	6kv - 32	Séræf/markm	**4kk	
16:30		5kk - 75					4kv- 34	6kk-97	6kv - 32	Séræf/markm	**4kk	
17:00		Mfl kk			**4kk - 75			4kv- 32		8fl kk/kv		
17:30		Mfl kk			**4kk - 75			4kv- 32		8fl kk/kv		
18:00		3kk1 - 30		Mfl kk	**4kk - 75	3kv - 36		4kv- 34		8fl kk/kv		
18:30		3kk1 - 30			**4kk - 75	3kv - 36		4kv- 34		Mfl kv		
19:00		3kk2 - 62				2kv - 30		2kv/Augnablik - 24		Mfl kv		
19:30		3kk2 - 62				2kv - 30		2kv/Augnablik - 24		Mfl kv		
20:00		2kk1 - 28		2kk2 - 34						3kv - 42		
20:30		2kk1 - 28		2kk2 - 34						3kv - 42		
21:00												
21:30	** Þegar	Fagri fris	þá	förum	vöð	inn	á	1/4	hjá	5kk		
22:00												
22:30												

	Miðvikudagur							Fimmtudagur													
	Fífan 1/4	Fífan 1/4	Fífan 1/4	Fífan 1/4	Fagri	Sporthús	Fagri-inni	ÍR-völlur	Fífan 1/4	Fífan 1/4	Fífan 1/4	Fífan 1/4	Fagri	ÍR-völlur	Sporthús						
5kk 75			6kv - 64			5kk - 35			6kk-84		7kk - 97/ kv - 25										
5kk 75			6kv - 64			5kk - 35			6kk-84		7kk - 97/ kv - 25				**4kk - 32						
	5kv-35		7kk - 80/ kv - 25			5kk-40	**7kk/KV - 16-28		6kk-97		7kk - 95/ kv - 20			4kv- 32	**4kk - 32						
	5kv-35		7kk - 80/ kv - 25			5kk-40	**7kk/KV - 16-28		6kk-97		7kk - 95/ kv - 20			4kv- 32	**4kk - 32						
	5kv-35		7kk - 80/ kv - 20		4kk - 75				Séræfinga/2.kk/kv		**4kk - 75			4kv- 34	**4kk - 32						
	5kv-35		7kk - 80/ kv - 20		4kk - 75				Séræfinga/2.kk/kv		**4kk - 75			4kv- 34	**4kk - 32						
	Mfl kv		2kk2 - 34		4kk - 75				Mfl kk		Mfl kv		2kk2 - 34								
	Mfl kv		2kk2 - 34		4kk - 75				Mfl kk		Mfl kv		2kk2 - 34								
	Mfl kv		2kk2 - 34					3kk - 30 (1/2)	Mfl kk		2kv/Augnablik - 24		2kk1 - 28								
	Séræf/markm		2kk1 - 28					3kk - 30 (1/2)			2kv/Augnablik - 24		2kk1 - 28								
	2kk1 - 28		2kk1 - 28					3kk - 62 (1/1)			3kv - 42										
	2kk1 - 28		2kk1 - 28					3kk - 62 (1/1)			3kv - 42										
** Tilraun	í	Fagralundi	(Inni).	Jón	Óttar	og	Sissi	sjá	um	1.bekk	milli	16-17	og	gengur	vel						
** Þegar	Fagri	fris	á	mið.	þá	er	hægt	að	fara	með	1/2	hóp	í	Fífu	og	hinn	helm.	í	Sporthús	á	báð.
* Þegar	Fagri	fris	á	Fimm.	þá	getur	sá	hópur	einnig	faríð	inn	í	Sporthús	og	hent	þá	4.fl	út.			





Föstudagur					
Fífan 1/2	Fífan 1/2	Fagri	Fagri	Sporthús	ÍR-völlur
4kk - 75		5kv-35		3kv-32	
4kk - 75		5kv-35	*3kk - 30	3kv-32	
4kk - 75		5kv-35	3kk - 30	2kv-32	
4kk - 75		5kv-35	3kk - 30	2kv-32	
5kk - 70			3kk - 30		
5kk - 70		*2kk2 - 34			3kk - 30
5kk - 75		2kk2 - 34			3kk - 30
5kk - 75		2kk1 - 28			
Mfl kk		2kk1 - 28			
Mfl kk					
Mfl kk					
Leikir					
Leikir		* Ef Fagri Frís þá er lítið um lausnir.			
Leikir					
Leikir					

Laugardagur					Sunnudagur						
Fífan 1/4	Fífan 1/4	Fífan 1/4	Fífan 1/4	Fagri	ÍR-völlur	Fífan 1/4	Fífan 1/4	Fífan 1/4	Fífan 1/4	Fagri	ÍR-völlur
Leikir 5.fl og 4fl 8manna											
Leikir 5.fl og 4fl 8manna											
2kk						6kk-84	7kk - 97				
2kk						6kk-84	7kk - 97				
Mfl kk		2kk1 - 28	Leikir	Leikir		6kk-97	7kk - 95		Leikir		
Mfl kk		2kk1 - 28	Leikir	Leikir		6kk-97	7kk - 95		Leikir		
Mfl kk		2kk1 - 28	Leikir	Leikir		6kv - 32	7kv-41	*8fl kk/kv - Spi		Leikir	
Mfl kv			Leikir	Leikir		6kv - 32	7kv-41	*8fl kk/kv - Spi		Leikir	
Mfl kv			Leikir	Leikir		5kv-35			Leikir	***Leikir	
Mfl kv			Leikir	Leikir		5kv-35			Leikir	Leikir	
*Leikir						4kv- 64			Leikir	Leikir	
Leikir						4kv- 64					
Leikir						4kk - 75			Leikir	Leikir	
Leikir						4kk - 75					
Leikir						4kk - 75					
Leikir						4kk - 75					
Leikir						3kk1 - 45					
Leikir						3kk1 - 45					
Leikir						3kk2 - 45					
Leikir						3kk2 - 45					
Leikir						**Leikir					
Leikir						Leikir					
Leikir						Leikir					

\* Náum 4x 4fl leikjum eða 3x 3fl og 2fl leikjum.

\* Aukaæfing - Bara spilað með einum þjálfara og forleldrur stilla upp

\*\* Náum 2x 4fl. Leikjum. Annars 1x 2fl + 8manna í 4. eða 5.fl.

\*\*\* Fagrilundur er hættulegur fyrir 2. og 3. flokkana og því leigjum við ÍR vöil